

Nefndasvið Alþingis
b.t. Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

10.01.2007

Tilv. 0.20
JMG/el

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um embætti landlæknis

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til nýrra laga um heilbrigðisþjónustu. Hefur Landspítali – háskólasjúkrahús verið beðinn um umsögn af hálfu heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis.

Forstjóri tilnefndi vinnuhóp undir forystu framkvæmdastjóra lækninga sem yfirfór frumvarpið og gerði tillögu um minniháttar athugasemdir.

Almennt um frumvarp til laga um embætti landlæknis:

Í frumvarpinu er safnað saman ákvæðum er snúa að embætti landlæknis, ýmsum ákvæðum úr fjölmörgum lögum en þó einkum heilbrigðislögum. Er það mjög til bóta að mati LSH auk þess sem fram kemur í frumvarpinu að ýmis ákvæði eru skýrari einkum hvað varðar eftirlitshlutverk embættisins, svo og söfnun og miðlun upplýsinga á heilbrigðissviði. Af hálfu spítalans er eindregið mælt með því að bæði frumvarp til laga um embætti landlæknis og frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu hljóti framgang á yfirstandandi þingi.

Um einstakar greinar frumvarpsins:

3. gr.

Orðið faglegur (fyrirmæli, leiðbeiningar, kröfur) kemur fyrir á nokkrum stöðum í frumvarpinu. Æskilegt er að skilgreina orðið í þessum kafla.

5. gr.

Nokkur umræða hefur orðið meðal lækna um að vald heilbrigðisráðherra yfir faglegum yfirmanni heilbrigðismála, þ.e. landlækni, sé meira en eðlilegt megi teljast, sbr. 1. mgr. 5.gr. um að fagleg fyrirmæli um vinnulag, aðgerðir og vinnubrögð af ýmsu tagi þurfi staðfestingu ráðherra. Af hálfu spítalans er ekki gerð athugasemd við þessa grein.

6. gr.

Umræða hefur einnig orðið meðal lækna um vald ráðherra, t.d. að ráðherra geti heimilað rekstur heilbrigðisþjónustu sem landlæknir hefur hafnað. LSH gerir hins vegar ekki athugasemd við þessa grein.

Varðandi næstsíðustu málsgrein 6. gr. um að heimilt sé að taka gjald samkv. ákvæðum reglugerðar sem ráðherra setur fyrir úttekt landlæknis er gerð sú athugasemd að óeðlilegt sé að stofnanir sem fjármagnaðar eru af opinberu fé kosti þannig hver aðra með gjaldtöku fyrir eftirlit. Eðlilegra er að eftirlitsstofnanir séu reknar fyrir fjárveitingu eins og flestar aðrar stofnanir ríkisins.


9. og 10. gr.

Vísað er til umsagnar LSH um frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu, VI. kafla og hér áréttað að atvikaskráning af því tagi sem þar er fjallað um myndi styrkja allt gæðastarf innan sjúkrahúsa.

11. gr.

Í 3. mgr. segir: “.....mælikvörðum sem settir eru.....”. Hér þyrfti að tilgreina af hverjum mælikvarðarnir eru settir, t. d. landlækni sjálfum, heilbrigðisráðherra eða öðrum til þess bærum yfirvöldum.

Virðingarfyllst,



Jóhannes M. Gunnarsson
framkvæmdastjóri lækninga

Afrit:

Guðrífður Þorsteinsdóttir, skrifstofustjóri HTR